

Fundargerð

Fundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd Tjörneshrepps fimmtudaginn 21. mars 2019 í Sólvangi og hófst kl. 13.

Mætt voru: Katý Bjarnadóttir, Mary Anna Guðmundsdóttir og Steinþór Heiðarsson.

1. Verkum skipt:

Katý Bjarnadóttir var kjörin formaður og Steinþór Heiðarsson ritari.

2. Umsókn um byggingarleyfi:

Stefán Jónasson sækir um leyfi til að byggja geymslu, 21 m² að stærð, á lóð sinni að Héðinshöfða II, 3 metra norðan við Sýslumannshúsið.

Nefndin telur það til vansa að sótt sé um leyfið eftir að geymsluhúsið hefur verið byggt.

Jafnframt álitur nefndin geymsluna byggða óheppilega nálægt Sýslumannshúsinu og ekki vera til prýði.

Skipulags- og bygginganefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði gert að leita allra leiða til að færa umrædda geymslu fjær Sýslumannshúsinu. Einnig verði fengið skriflegt samþykki allra nágranna fyrir byggingunni.

Fundi slitið kl. 14.

Katý Bjarnadóttir
Mary Anna Guðmundsdóttir
Steinþór Heiðarsson